



Reglur Vestmannaeyjabæjar um niðurgreiðslur v/dagvistunar í heimahúsum

1. gr

Vestmannaeyjabær samþykkir niðurgreiðslur til barna með lögheimili og búsetu í Vestmannaeyjum sem eru í dagvistun í heimahúsum og á biðlista eftir leikskólaplássi.

2. gr

Niðurgreiðslan nær til barna frá 12 mánaða aldri. Foreldrar/forráðamenn með tekjur undir viðmiðunarmörkum (sbr. 4.3.2. Innritunar- og innheimtureglum leikskóla) geta sótt um hærri niðurgreiðslu. Endurnýja þarf umsókn um hærri niðurgreiðslu fyrir 15. ágúst ár hvert.

3. gr

Sækja skal um niðurgreiðslu á umsóknareyðublaði sem er að finna á vefsíðu sveitarfélagsins www.vestmannaeyjar.is eða í þjónustuveri Ráðhússins og skal skila þangað. Móttaka umsókna og afgreiðsla er í þjónustuveri Ráðhússins. Umsókn er aldrei afturvirk.

4. gr

Dagforeldri skal hafa leyfi Vestmannaeyjabæjar til daggæslu skv. ákvæðum reglugerðar um daggæslu í heimahúsum nr. 907/ 2005.

5. gr

Niðurgreiðsla eru veitt frá næstu mánaðarmótum eftir að umsókn er móttækin ef barnið hefur náð aldri til úthlutunar og umsókn um leikskólavist liggur fyrir.

6. gr

Niðurgreiðsla fyrir mánaðarklukkustund er 9.713 kr og 12.328 kr fyrir þá sem uppfylla viðmiðunarmörk viðbótarniðurgreiðslu. Miðað er við að greitt sé fyrir 7,5 mánaðarklukkustundir að hámarki.

7. gr

Niðurgreiðsla er greidd fyrirfram og greiðist til dagforeldrisins skv. undirrituðum vistunarsamningi. Dagforeldri skilar jafnframt mánaðarlista og greiðsluseðli, staðfestum af forráðamanni, í þjónustuver Ráðhússins mánaðarlega.

8. gr

Niðurgreiðsla fæst að hámarki greidd í 11 mánuði á ári og fellur niður þegar barn fær boð um leikskólavist í leikskólum Vestmannaeyjabæjar hvort sem leikskólavist er þegin eða henni hafnað.

9. gr

Forráðamenn sem skulda eldri gjöld hjá Vestmannaeyjabæ fá ekki samþykktar niðurgreiðslur fyrr en skuldin er að fullu greidd. Verði um ofgreiðslur að ræða á niðurgreiðslum vegna daggæslu í heimahúsum áskilur Vestmannaeyjabær sér rétt til að krefjast endurgreiðslu. Sé ofgreiðsla á grundvelli rangra upplýsinga eða umsækjandi ekki tilkynnt um breytingar á högum sínum sem hafa áhrif á rétt til niðurgreiðslna, er heimilt að leggja dráttarvexti á upphæð endurkröfunnar.

Reglur þessar taka gildi 1. mars 2026. Samþykkt í Fræðsluráði Vestmannaeyja 19. febrúar 2026 og staðfest í bæjarstjórn Vestmannaeyja 25. febrúar 2026.